

Kjötmatsmenn skulu varðveita merkiplöturnar og ber þeim að gæta þess vandlega, að þær sjeu ekki notaðar á aðrar tunnur en þær, sem útflutningshæft kjöt er í. 56
1. júní

6. gr.

Kjötmatsmönnum ber að fara eftir nánari leiðbeiningum yfirmatsmanna. Þeir skulu að lokinni sláturtíð gefa yfirmatsmanni skýrslu um starfrækslu þess sláturhúss er þeir hafa unnið við, um tölu sláturfjár, um tölu á kjöttunnum, og hve margar af hverri tegund. Þeir skulu og eftir því sem ástæður leyfa vera yfirmatsmanni til aðstoðar í starfi hans eftir þörfum.

7. gr.

Kjötmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi, og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Lögreglustjóri stílar þeim heitið.

8. gr.

Matsmönnum er skylt að vinna að verkun kjötsins eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlitsins að öðru leyti. Um kaup matsmanna fer samkv. 6. gr. kjötmatslaganna, þó skal það ekki vera lægra en svo að það sje 25% herra en almennt kaupgjald á hverjum stað.

9. gr.

Erindisbrjef fyrir matsmenn á saltkjöti frá 27. júlí 1920 er úr gildi felt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 1. júní 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

BREYTING

á reglugerð fyrir Suður- Múlasýslu frá 3. ágúst 1909, um hreinsun hunda af bandormum. 57
3. júní

1. gr.

8. gr. hljóði svo:

Á hverju hausti, áður en slátrun byrjar, skal hreppsnefnd brýna fyrir hreppsþúum nauðsynina á því, að allir sullir sjeu brendir á hverjum degi, er

57 slátrun hefir farið fram. Skal þetta gert með auglýsingu í hverju kauptúni, á 3. júní hverjum slátrunarstað, og auk þess með brjefi, er fylgi gangnaboði út um sveitir.

Í kauptúnum og öðrum slátrunarstöðum, skipar sýslumaður árlega, eftir tillögum hreppsnefndar, sjerstakan eftirlitsmann með því, að sullum sje vandlega haldið saman og þeir brendir daglega meðan slátrun fer fram. Gjald fyrir starf eftirlitsmanns greiðist að hálfu úr sýslusjóði, en hálfu gjaldið greiða verslanir og kaupfjelög, sem sláturfjártöku hafa, alls 3 aura fyrir hverja kind, sem slátrað er.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum, frá 10—100 kr.

2. gr.

Niðurlag 9. greinar orðist svo:

Þær sektir renna í sýslusjóð, svo og sektir fyrir brot þau, er ræðir um í 7. og 8. gr.

3. gr.

Breyting þessi var samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 1. maí 1925.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, Eskifirði 3. júní 1926.

Magnús Gíslason.

58 STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Hárekssjóð, útgefin 30. júní á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. júní 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Hárekssjóð, er Hárekur Bjarnason í Hnefilsdal gaf með brjefi, dags. 18. jan. 1922.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hárekssjóður.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2826 krónur.